



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2024  
UST202402-203/A.B.  
10.05.00

## Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn- Skógrækt í landi Litlu-Borgar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst 12. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í greinargerð kemur fram að Litla-Borg ehf. hefur í hyggju að taka til skógræktar hluta þess lands jarðarinnar Litlu-Borgar í gamla Þverárhreppi, V.-Húnavatnssýslu, sem liggur neðan Borgarvegar og niður að Víðidalssá. Fyrirhugað skógræktarsvæði er 124 ha. Hluti landsins er deig- eða votlendi sem ekki verður gróðursett í, heldur friðað.

Umhverfisstofnun telur að skógræktin gæti haft áhrif á landslag, votlendi, fuglalíf, loftslagsmál og vatnafar.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að hugað sé að skógrækt í sveitarfélaginu, en stofnunin vill koma eftirfarandi á framfæri.

### Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem framkvæmdin nær til er á náttúruminjaskrá<sup>1</sup> og nefnist Björg og Borgarvirki og er númer 404 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem fagurt og fjölbreytt landslag, björg, tjarnir, mýrlendi og sandar. Athyglisverðar jarðmyndanir og fornminjar, Borgarvirki.<sup>2</sup>

Að mati Umhverfisstofnunar mun skógrækt hafa áhrif og breyta landslagi og ásýnd svæðisins og einnig valda raski á mýrlendi (sbr. kortlagningu NÍ), auk þess er Bíldshólstjörn í jaðar svæðisins.

Undir umhverfisþáttinn „Svæði á náttúruminjaskrá“ telur stofnunin að skógræktin hafa neikvæð áhrif á verndargildið svæði á náttúruminjaskrá, landslag og mýrlendi.

### Loftslagsmál

Í greinargerð kemur fram að tilgangur skógræktarinnar sé m.a. kolefnisbinding, en skógur bindur kolefni bæði í trjánum og í jarðvegi. Er það markmið í fullu samræmi við stefnu íslenska ríkisins um kolefnishlutleysi fyrir árið 2040. Auk þess kemur fram að ekki er búist

<sup>1</sup> <https://natturuminjaskra.ni.is/>

<sup>2</sup> <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/nordasturland/>

við að tap á jarðvegi eða kolefni úr honum verði mikið við þessa jarðvinnslu þar sem land er rýrt.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að hugað sé að skógrækt til kolefnisbindingar og vill benda á aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum sem er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040.

Ein aðgerðin er að auka skógrækt, en önnur aðgerð er vernd og enduheimt votlendis.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram hversu mikið skógurinn muni binda og hversu mikið framkvæmdin mun losa vegna plægingar á jarðvegi. Skortir upplýsingar um fjölda trjáplantna sem til stendur að planta út og þéttleika útplöntunar í reitinn. Geta ólíkra trjátegunda til kolefnisbindingar er mjög breytileg. Ef ætlunin er að fara í skógrækt til kolefnisbindingar er nauðsynlegt að fá upplýsingar um magn ólíkra tegunda sem til stendur að planta út.<sup>3</sup>

Umhverfisstofnun varar við því að raska jarðvegi við undirbúning skógræktarinnar þar sem landið er vel gróið og jarðvegur geymir mikið magn kolefnis. Það sé ekki í anda loftslagsverkefnis að rjúfa gróðurþekju á landi sem býr nú þegar yfir miklu kolefni auk þess sem það samræmist illa markmiðum verkefnisins að vernda jarðveg og þjóna sem aðgerð gegn loftslagsbreytingum.

Umhverfisstofnun vill benda á nýjar leiðbeiningar Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um verklag sem viðhafa ætti í skógrækt: Guidelines on Biodiversity-Friendly Afforestation, Reforestation and Tree Planting<sup>4</sup>, þar kemur fram á bls. 22 að „ til þess að lágmarka umhverfisáhrif við undirbúning skógræktar ætti að planta handvirkt þar sem því verður komið við til þess að lágmarka jarðvegrask. Plæging jarðvegs geti haft í för með sé neikvæð umhverfisáhrif vegna losunar kolefnis. Auk þess geti plæging jarðvegs haft neikvæð áhrif á jarðvegslíf og á fjölbreytileika tegunda og veikt mótstöðuafli skógarins gagnvart skaðvöldum“.

Þó svo að stofnunin taki undir mikilvægi skógræktar þá telur stofnunin undir umhverfisþáttinn „Loftslagsmál“ áhrifin vera óviss vegna skorts á umfjöllun og gögnum.

## Ásýnd

Að mati Umhverfisstofnunar mun skógrækt hafa áhrif á og breyta landslagi og ásýnd svæðisins.

Undir umhverfisþáttinn „Landslag og ásýnd“ telur stofnunin skógræktin hafa neikvæð áhrif á þann þátt líkt og með áhrif á svæði á náttúruminjasrá.

Sem mótvægisáðgerð telur stofnunin mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði formum landslags fylgt eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt á hverjum stað. Umhverfisstofnun tekur því undir sem kemur fram í greinargerð að skógurinn verður skipulagður þannig að hann falli

<sup>3</sup> <https://reiknival.skogur.is/>

<sup>4</sup> [https://environment.ec.europa.eu/publications/guidelines-biodiversity-friendly-afforestation-reforestation-and-tree-planting\\_en](https://environment.ec.europa.eu/publications/guidelines-biodiversity-friendly-afforestation-reforestation-and-tree-planting_en)

vel að landinu. Lega og útlínur reita, val trjátegunda og jarðvinnsla (þar sem hún er nauðsynleg) verða með þeim hætti að ásýnd skógarins verður sem eðlilegust og fegurst.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.“

Æskilegt hefði verið að settar hafi fram hugmyndir á myndformi um ásýnd skógræktarsvæðisins eftir að skógurinn hefur vaxið upp.

## Votlendi

Í greinargerð kemur fram að skv. gróðurfarsgreiningu skógfræðings sumarið 2023 var landið að hluta flokkað sem deiglent, en ekkert sem mýri. Hins vegar er ekki fjallað nánar um þá rannsókn.

Umhverfisstofnun bendir á að stór hluti framkvæmdasvæðisins er votlendi samkvæmt kortlagningu Náttúrufræðisstofnunar Íslands<sup>5</sup>. Í greinargerð segir að stór hluti svæðisins sé deiglendi. Umhverfisstofnun bendir á að deiglendi er hálfblautt land á mörkum votlendis og þurrlendis, oft nefnt hálfdeigja eða jaðar. Deiglendi er einnig víða á rökum söndum t.d. á áreyrum og jökulaurum. Deiglendi nær sjaldnast yfir stór víðlend svæði heldur eru þetta yfirleitt litlir gróðurblettir eða ræmur.<sup>6</sup> Því er mikilvægt að skoða heildarmat svæðisins með tilliti til vistgerðaflokkunar.

Votlendi nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Mun framkvæmdin (skógrækt og slóðagerð) eins og hún er lögð fram á uppdrætti valda raski á votlendi.

Umhverfisstofnun vill benda á að samkvæmt lögnum ber að forðast röskun á votlendi, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Því er mikilvægt að skoða aðra valkosti fyrir skógræktina.

Í leiðbeiningum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um verklag sem viðhafa ætti í skógrækt: Guidelines on Biodiversity-Friendly Afforestation, Reforestation and Tree Planting<sup>7</sup> er fjallað um gróðursetningu í votlendi en þar segir m.a. á bls. 9: „Areas to avoid – land that already has a high climate mitigation potential and/or biodiversity value. And/or land where providing ecosystem services could be negatively affected by afforestation/reforestation. To maintain existing hydrological dynamics and remarkable habitats, the afforestation of wetlands must always be avoided „

<sup>5</sup> <https://serstokvernd.ni.is/>

<sup>6</sup> <https://www.ni.is/is/grodur/grodurflokkun>

<sup>7</sup> [https://environment.ec.europa.eu/publications/guidelines-biodiversity-friendly-afforestation-reforestation-and-tree-planting\\_en](https://environment.ec.europa.eu/publications/guidelines-biodiversity-friendly-afforestation-reforestation-and-tree-planting_en)

Að áliti Umhverfisstofnunar kemur hér greinilega fram að votlendi séu mikilvæg vistkerfi sem ekki ætti að raska og ekki síst vegna þess mikla kolefnis sem bundið er í jarðvegi á norðurslóðum.

Undir umhverfisþáttinn „Votlendi“ telur stofnunin skógræktina hafa neikvæð áhrif á það ef stuðst er við kortlagningu NÍ.<sup>8</sup>

Umhverfisstofnun bendir á að ef sveitarfélagið gefur út framkvæmdaleyfi sem gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### **Vistgerðir og fuglalíf**

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og fjalldrapamóavist sem eru með mjög hátt og miðlungs verndargildi og er starungsmýravist á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur

---

<sup>8</sup> <https://serstokvernd.ni.is/>

(*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Í greinargerð kemur fram að með skógræktinni munu búsvæði og vistkerfi breytast staðbundið og búsvæði breytast og má m.a. gera ráð fyrir að spörfuglar og fleiri dýr komi sér í auknum mæli fyrir í skógræktarreitunum þegar trén vaxa upp.

Umhverfisstofnun bendir á að margar ábyrgðartegundir Íslands eru vaðfuglar/mófuglar sem nýta sér flatlendi með lággróðri og votlendi til að byggja á afkomu sína. Með skógrækt verður til annars konar búsvæði sem aðrar fuglategundir kunna að nýta sér, líkt og ýmsar spörfuglategundir, en Umhverfisstofnun bendir á að þessar tegundir fugla eru ekki ábyrgðartegundir Íslands.

Undir umhverfispáttinn „Fuglalíf“ telur stofnunin áhrifin neikvæð þar sem að búsvæði vaðfuglar/mófuglar hverfur.

### **Trjátegundir**

Til stendur að planta lerki, stafafuru, alaskaösp, greni og birki í skógræktarsvæðið.

Eins og kom hér fram að ofan þá er stór hluti skógræktarsvæðisins samkvæmt kortlagningu NÍ votlendi sem nýtur sérstakrar verndar, skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó.“

Í viðauka I við ofangreinda reglugerð er að finna lista yfir innlendar tegundir sem teljast til íslensku flórunnar og einungis birki er að finna á þeim lista. Aðrar tegundir teljast því útlendar plöntutegundir og er í samræmi við reglugerðarákvæðið óheimilt að rækta þessar tegundir í votlendi.

Í greinargerð kemur fram að þéttur grassvörður hefur mjög hamlandi áhrif á alla sáningu trjáa, er það annarsvegjar vegna þess að fræin ná ekki niður í mold til að spíra, og hinsvegjar vegna þess að þétt gras kefjar auðveldlega smáplöntur af fræjum sem hugsanlega munu hafa getað spírað. Framkvæmdaraðili telji vöktun eða mótvægisáðgerðir vegna sjálfsáningar óþarfar. Annar staðar í greinargerðinni kemur hins vegar fram að fylgst verði með óæskilegri sjálfsáning innan helgunarsvæða.

Samkvæmt tegundakorti í greinargerðinni virðist sem mest verði plantað af lerki og stafafuru í skógræktarsvæðið. Umhverfisstofnun beindir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif notkunar á stafafuru í skógræktarsvæðinu. Í skýrslu Náttúrufræðistofnun Íslands um rannsóknir á útbreiðslu stafafuru í Steinadal í Suðursveit sýna niðurstöður að stafafura getur

dreift sér hratt og á skilvirkan hátt um stór svæði í kringum skógræktarsvæði og að með tímanum dregur stafafura verulega úr líffræðilegum fjölbreytileika æðplantna.<sup>9</sup>

Samkvæmt skógræktaráætlun og tegundakorti fyrir skógrækt í Litlu Borg stendur til að planta stafafuru í svæði sem liggja að deiglendi (sjá umfjöllun að ofan varðandi votlendi), samkvæmt skýrslu skógfræðings. Hætt er við því að með tíð og tíma geti stafafuru sem þar yrði plantað sáð sér út í svæðin sem merkt eru sem deiglendi á kortinu. Umrætt svæði flokkast sem votlendi samkvæmt kortlagningu NÍ. Umhverfisstofnun telur því nauðsynlegt að fylgst verði með sjálfsáningu stafafuru.

### Vatnamál

Í greinargerð kemur fram að borinn verður áburður á allar plöntur nema lerki. Borið á einu sinni, um 10-15 g á plöntu í upphafi gróðursetningar. Sé þéttleiki gróðursetningar um 2500 pl./ha jafngilda það 25-40 kg/ha í eitt skipti. Búast má við að borið verði sama magn á plöntur sem gróðursettar verða síðar (sk. íbætur) í stað þeirra sem kunna að drepast eftir fyrstu gróðursetningu. Rannsóknir hafi sýnt að útskolun á smáum áburðarskömmtum veldur ekki útskolun í grunnvatn.

Ekki er að finna upplýsingar um það í greinargerð hvers konar áburð stendur til að nota en umhverfisáhrif áburðargjafar eru talin mismikill eftir því hvort notaður er lífrænn áburður eða tilbúinn. Í skýrslu Landgræðslunnar um hagræn áhrif og loftlagsáhrif áburðarnotkunar kemur eftirfarandi fram á bls. 5-6: „*Hefðbundinn tilbúinn áburður er hinsvegar auðleystur og næringarefnin losna hratt. Þetta er einmitt ástæðan fyrir því að ekki er skynsamlegt að bera of mikið á af tilbúnum áburði í einu þar sem hættan á útskolun næringarefna er talsverð ef lítill gróður er til staðar til að nýta hann*“.<sup>10</sup> Umhverfisstofnun telur að það skorti upplýsingar til að meta áhrif áburðargjafar á vatnamál.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun í greinargerð.

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan sé í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar 2022 - 2027 og vill stofnunin benda á vefsíðuna [www.vatn.is](http://www.vatn.is).

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar

<sup>9</sup> <https://www.ni.is/is/frettir/2022/03/skyrsla-um-utbreidslu-stafafuru-i-steinadal>

<sup>10</sup> Skýrsla Landgræðslunnar: Hagræn áhrif og loftlagsáhrif áburðarnotkunar <https://land.is/wp-content/uploads/2021/06/20210611-Lokaskýrsla-HagLoft-2021.pdf>

við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Öll yfirborðsvatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi og grunnvatn á að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegu ástandi og að vatnsgæði rýrni ekki. Framkvæmdin er innan vatnshlotsins Stórisandur (101-173-G) og fyrir utan framkvæmdasvæðið er Víðidalsá 1 (101-1618-R ). Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástand þeirra ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega.

Því þarf að fjalla um í greinargerð um hvaða vatnshlot framkvæmdin nær til og setja inn vatnshlotanúmer þeirra. Auk þess þarf að fjalla um umhverfismarkmið fyrir vatnshlottið og hvert er núverandi ástand þess. Hægt er að nálgast þessar upplýsingar inn á vatnavefsja.<sup>1</sup>

Meta þarf áhrif framkvæmdar á þau vatnshlot sem tengjast henni. Áhrifamatið þarf að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og breytingar á starfsemi eiga að samræmast markmiðum og kröfum laganna. Starfsemi eða framkvæmdir mega ekki valda því að vatnshlot nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau.

Til þess að hægt sé að leggja mat á hvort að starfsemi og framkvæmdir hafi áhrif á vatnshlot þarf að fara fram mat á áhrifum á gæðabætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlotin.

### **Nytjaskógrækt**

Í greinargerð kemur fram að óljóst sé með hvaða hætti skógurinn verði nýttur eftir að fullum vexti hafi verið náð. Það fari eftir eftirspurn eftir timbri, magni þess, vinnaleika og gæðum.

Umhverfisstofnun bendir á að ef skógurinn verður nytjaður muni það hafa í för með sér umhverfisáhrif. Nauðsynlegt sé að fá þungar vinnuvélar inn á svæðið sem raski jarðvegi og geti skapað hættu á olíuleka. Þá losnar aftur hluti þess kolefnis sem var bundinn í trjánum.

Umhverfisstofnun telur að óljós séu hver áhrif þess séu ef skógurinn verður nytjaður.

### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun telur að skógræktin muni breyta landslagi og ásýnd svæðisins, en svæðið er á náttúruinjakrá m.a. vegna landslags og framkvæmdin mun einnig hafa áhrif á votlendi og fuglalíf ef stuðst er við vistgerðarkortlagningu NÍ. Umhverfisstofnun telur að skógræktin muni hafa jákvæð áhrif á kolefnisbindingu, en það þyrfti að fjalla nánar um áhrif plægingar á kolefnisbúskap jarðvegsins. Einnig þarf að fjalla nánar um áhrif stafafuru á nánasta umhverfi og hún dreifi sér og hver séu umhverfisáhrif nytjaskógræktarinnar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Kristín Björk Birgisdóttir

**sérfræðingur**



Land og skógur

## Umsögn

Tilv. S.012(P)

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík  
b.t. tengil. Þórdísar Stelli Erlingsdóttur  
*sent í skipulagsgátt*

Selfossi, 12. mars 2024

**Efni: Skógrækt í landi Litlu-Borgar, gamla Þverárhreppi, Húnaþingi vestra. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. Mnr. 150/2024**

Óskað var eftir umsögn Lands og skógar.

Undirrituðum er kunnugt um að skógfræðingur hefur verið með í ráðum og fyrirhuguð skógrækt er í sk. landshlutaverkefni, sem stofnunin hefur umsjón með.

Það er þess vegna mat undirritaðs að rétt sé að Land og skógur geri engar athugasemdir, enda hefur stofnunin engu við að bæta fyrir sitt leyti.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar sé þess óskað, bestu kveðjur, f.h. Lands og skógar,

*Páll Sigurðsson m.e.h.*

Páll Sigurðsson, skipulagsfulltrúi

[pall.sigurdsson@landogskogur.is](mailto:pall.sigurdsson@landogskogur.is)

Austurvegi 3, 800 Selfossi, gsm. 849-2912



**Vegna:** Máls nr. 0150/2024, Skógrækt í landi Litlu-Borgar (Tilkynning um framkvæmd)

**Athugasemd:**

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 7.mars 2024 var tekið fram að tilgangur skógræktarinnar sé möguleiki á útivist, kolefnisbindingu og skógarnytjar verði á framkvæmdasvæði. Skógurinn verður skipulagður með tilliti til landslagssvæðis og gróðursetningu áætlað á árunum 2024 til 2034. Eftir það fylgir umhirða um skóginn, þar sem ákveðið verður hvernig hann verður nýttur miðað við vöxt og eftirspurn. Engar mannvirkjagerðir eða áveitulögn er fyrirhuguð á svæðinu. Skógurinn verður opinn öllum almenningsi til umferðar og útivistar Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 111/2021 og leggur til við sveitarstjórn að samþykkja

**Höfundur:** Elísa Ýr Sverrisdóttir/elisa.sverrisdottir@hunathing.is

**Sent inn þann:** 12.03.2024 , **Fyrir hönd:** Húnaþing vestra



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

11. mars 2024  
MÍ202306-0069/ 6.10 / G.S.S.

Minjavörður Norðurlands  
vestra Aðalgata 23 550  
Sauðárkrókur (354) 570 13  
22 (354) 861 4200  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

## Efni: Skógrækt í landi Litlu-Borgar

Beiðni barst í gegnum Skipulagsgátt um matskyldu vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Litlu-Borgar í Húnaþingi vestra (mál nr. 0150/2024). Fyrirhugað skógræktarsvæði er 124 ha og hefur fornleifaskráning ekki farið fram á svæðinu.

Í reglum nr. 620/2019 um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda segir í 5. gr:

„Óheimilt er að veita byggingar- eða framkvæmdaleyfi án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Áður en sveitarstjórn samþykkir framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi skal hún ganga úr skugga um að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja hafi farið fram á vettvangi skv. lögum um menningarminjar, sbr. 4. gr. reglna þessara. Liggi ekki fyrir samþykki Minjastofnunar Íslands á skráningarskýrslu og skráningargögnum, eða vafi leikur á hvort fullnægjandi skráning liggi fyrir, skal leitað samráðs við Minjastofnun Íslands sem tekur afstöðu til þess hvort vettvangskönnun nægi til grundvallar leyfisveitingar eða hvort afla þurfi frekari gagna með skráningu á vettvangi.“

Minjastofnun áréttar að sú vettvangskönnun sem vísað er til í reglunum er til þess að meta þörfina á frekari gagnaöflun eins og til dæmis húsa- og/eða fornleifaskráningu. Ef um umfangslitla framkvæmd er að ræða, t.d. byggingarreit fyrir eitt hús, þá er í mörgum tilfellum ekki þörf á frekari gagnaöflun sem felur þá í sér að ekki er kallað eftir fornleifaskráningu. Hins vegar ef um umfangsmeiri framkvæmdir er að ræða, eins og til dæmis skógrækt á 124 ha landsvæði, ber Minjastofnun samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr 80/2012 að gera kröfu um fornleifaskráningu.

### Guðmundur Stefán Sigurðarson

Minjavörður Norðurlands  
vestra  
gudmundur@minjastofnun.is

*Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*

*Engin hús eða mannvirki sem falla undir lög um menningarminjar eru innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis og ekki þörf á mótvægisáðgerðum vegna þess, hins vegar þarf að ganga úr skugga um hvort fornleifar séu innan svæðis og því gerð krafa um fornleifaskráningu.*

*Fornleifaskráning skal unnin skv. stöðlum Minjastofnunar Íslands og skráningarskýrsla og uppmælingagögn að berast stofnuninni. Ef fornleifar reynast innan svæðis tekur Minjastofnun afstöðu til þess hvort og þá hve stórt svæði umhverfis minjarnar njóti verndar en almennt njóta fornleifar 15m friðhelgi sem óheimilt er að raska án skriflegs leyfis stofnunarinnar.*

Minjastofnun tekur ekki að sér fornleifaskráningu en undirritaður getur bent á fyrirtæki og einstaklinga sem taka slíkt að sér.

Virðingarfyllst,



Guðmundur Stefán Sigurðarson  
Minjavörður Norðurlands vestra

## Skipulagsstofnun

Borgartún 7b  
105 Reykjavík

## Litla-Borg - skógrækt, umsögn

Yðar tilvísun: 150/2024

Vegagerðin hefur farið yfir tilkynningu til könnunar á matskyldu vegna skógræktar í landi Litlu-Borgar í Húnaþingi vestra skv. töluvpósti dags. 12.2.2024.

Skóða þarf staðsetningu og útfærslu tengingar svæðis við Borgarveg (717). Umferð um tengingu mun aukast og breytast frá því sem er á núverandi slóða og þarf því að hafa samráð við Vegagerðina um framangreint með tilliti til umferðaröryggis.

Samkvæmt gr. 29. Í vegalögum nr. 80/2007 þarf að sækja um leyfi Vegagerðarinnar fyrir nýjum tengingum við þjóðvegi og breytingum á núverandi tengingum.

Samkvæmt vegalögum nr. 80/2007, 32. gr. þarf að sækja um leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum mannvirkjum og framkvæmdum innan veghelgunarsvæði. Á það við þótt mannvirkið eða framkvæmdir séu í samræmi við samþykkt skipulag.

Vegagerðin telur tilkynningu gera nægjanlega grein fyrir þeim þáttum sem snúa að Vegagerðinni og að framkvæmdin þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Magnús Björnsson

Undirskrift



Síða 1/1

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. mars 2024  
Málsnúmer: 202402-0038  
BK/OKV

## Efni: Skógrækt í landi Litlu-Borgar – Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu

Vísað er í tölvubréf gegnum skipulagsgátt, dags. 12. febrúar 2024, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldufyrirspurn vegna skógræktar í landi Litlu-Borgar í Húnaþingi vestra.

Litla-Borg ehf. hefur í hyggju að taka til skógræktar hluta lands jarðarinnar Litlu-Borgar sem liggur neðan Borgarvegar og niður að Víðidalssá. Fyrirhugað skógræktarsvæði er 124 ha en hluti svæðisins er deig- eða votlendi sem ekki verður gróðursett í. Markmiðið er að nýta skóginn til útivistar, kolefnisbindingar og skógarnytja.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Svæðið sem um ræðir einkennist af mósak vot- og þurrlandis. Slíkt land getur staðið undir miklu fuglalífi og talningar frá sambærilegum svæðum í grennd við fyrirhugaða skógrækt sýndu háan þéttleika vaðfugla. Flestir vaðfuglar sem hér verpa teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands og er þá miðað við að um eða yfir 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum.

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum um verndun lífríkis og má þar nefna Samning Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity) og Bernarsamninginn um verndun tegunda og vistgerða í Evrópu.

Í því ljósi er nauðsynlegt að samræma markmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og markmið í loftslagsmálum. Á þetta er bent í skýrslu Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna (IPPC) (Pörtner o.fl. 2021) þar sem m.a. er varað við því að mótvægisáðgerðir sem fela í sér kolefnisbindingu með lífmassa, svo sem stórfelld skógrækt, geta verið skaðlegar fyrir líffræðilega fjölbreytni. Sérstaklega ef notaðar eru framandi tegundir sem reynast ágengar, líkt og getur verið tilfellið með stafafuru hérlendis (Pawel Wasowicz o.fl. 2022)

Þá var nýlega samþykkt Rammasamkomulag um verndun líffræðilegrar fjölbreytni til ársins 2030 á fundi aðildarþjóða Samnings Sameinuðu þjóðanna og þar var m.a. lögð áhersla á að koma verði í veg fyrir að loftslagsáðgerðir hafi neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni.



Náttúrufræðistofnun gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði í greinargerðinni:

*„Hugsanlegt er að uppvaxandi skógur hafi þó grenndaráhrif á fugla sem eiga búsvæði sín í deiglendinu eða votlendinu“.*

Að hrossagauk undanskildum, þrífast vaðfuglar ekki í skógi og forðast einnig skógarjaðarinn sem lýsir sér þannig að þéttleiki þeirra er minni nær skógum en fjær og hafa rannsóknir staðfest þetta mynstur (Pálsdóttir o.fl. 2022). Þessi jaðaráhrif gera það að verkum að sú aðgerð að skilja eftir votlendisbletti innan skógræktar gagnast flestum tegundum vaðfugla lítið nema um sé að ræða því mun stærri votlendisfláka.

*„Nálægð við skóg virðist ekki skipta máli fyrir varp jaðrakans, en áhrifin eru neikvæð á lóupræl og spóa“.*

Hið rétta er að fyrir fimm vaðfuglategundir af sjö, þ.e. heiðlóu, spóa, tjald, lóupræl og jaðrakan, þá er þéttleiki innan 200 m frá skógarjaðri innan við helmingur þess sem hann er fjær (í allt að 700 metra fjarlægð) og fyrir stelk er þéttleiki lægstur  $\leq 150$  m frá jaðrinum (Pálsdóttir o.fl. 2022).

*„Þekkt er að þúfutittlingar og hrossagaukar, auk rjúpna, nýta sér birkiskóga til búsvæða, en einnig aðra skóga, þ.m.t. ræktaða.“*

Rjúpur nýta birkiskóga/birkikjarr bæði til varps og eins vetrarbeitar. Í greniskógum/furuskógum er rjúpan til staðar sem varpfugl á fyrstu stigum framvindunnar (fyrstu 15-20 árin) en síðan aðeins jaðarfugl á slíkum svæðum (í stórum rjóðrum og í skógarjaðri) en ekki inni í lundunum sem slíkum. Sama á við um hávaxna birkiskóga þar sem rjúpan er jaðarfugl á varptíma (Ólafur K. Nielsen, munnleg heimild).

*„Líklegt er að þær tegundir lífvera sem bundnar eru þeim búsvæðum sem hverfa af svæðinu þegar landið breytist í skóg, muni fækka en þó er ekki skortur á búsvæðum fyrir þær tegundir í nágrenninu. Ekkert bendir því til að nein þeirra tegunda eigi eftir að eiga undir sérstakt högg að sækja vegna fyrirhugaðrar skógræktar.“*

Vaðfuglar (utan hrossagauks) munu hverfa þegar landið breytist í skóg og þéttleiki þeirra einnig minnka á nærliggjandi svæðum. Ekki er hægt að ganga að því vísu að fuglar geti auðveldlega fært sig eitthvert annað enda má reikna með að flestöll hentug búsvæði séu þegar setin af fuglum. Þrátt fyrir stóra stofna þá eru blikur á lofti að tekið sé að þrengja að búsvæðum vaðfugla víða og þar kemur m.a. aukin skógrækt við sögu (Tómas G. Gunnarsson 2020). Því er mikilvægt að tekið sé ríkt tillit til vaðfugla þegar kemur að staðsetningu nýrra skógræktarsvæða.

*„Skv. gróðurfarsgreiningu skógfræðings sumarið 2023 var landið að hluta flokkað sem deiglent, en ekkert sem mýri. Deiglendið verður undanskilið skógræktarframkvæmdum, og áætlað er að af 124 ha samningssvæði séu alls um 72 ha sem henta til skógræktar. Deiglendi er ekki sérstaklega verndað sem slíkt, heldur er það á mörkum þess að vera votlendi og þurrlendi (og finnst oft bókstaflega á mörkum þessara landgerða, þó að á umræddu svæði virðist deiglendið víðlendara en svo. Vera má að í deiglendinu fyrirfinnist votlendi, en í öllu falli er það undanskilið skógrækt í þessari áætlun). Þess vegna er ekki talin þörf á að hafa sérstök helgunarsvæði um deiglendi. Einnig má benda á, að afar ólíklegt er að tré sái sér í vel gróið*



*deiglendi. Þéttur grassvörður hefur mjög hamlandi áhrif á alla sáningu trjáa, er það annarsvegjar vegna þess að fræin ná ekki niður í mold til að spíra, og hinsvegjar vegna þess að þétt gras keffjar auðveldlega smáplöntur af fræjum sem hugsanlega munu hafa getað spírad. Þess vegna telur framkvæmdaraðili einnig óþarft að viðhafa sérstaka vöktun eða mótvægisáðgerðir vegna hugsanlegrar sjálfsáningar í deiglendið.“*

Í greinargerð kemur fram að vistgerðakort sýni meira votlendi en í raun er á svæðinu. Af loftmyndum að dæma er það líklega rétt mat en votlendi virðist engu að síður vera til staðar innan skógræktarreitsins en ekki einungis deiglendi eins og kemur fram í greinargerð. Líklegt er að þar finnist votlendisvistgerðirnar runnamýravist eða starungsmýravist sem ekki hafa verið ræstar fram og ætti verndargildi þeirra að vera hátt. Gróðurfarsgreining var unnin af skógfræðingi sumarið 2023 en ekki kemur fram hvaða flokkunarkerfi var notað við kortlagningu né er birt kort með greiningunni og því er óvíst hvað átt er við með deiglendi. Þó að ekki sé áætlað að planta í votlendið/deiglendið í skógræktaráætluninni skal bent á að trjátegundir eins og ösp, sem taka upp mikið vatn úr jarðvegi, geta haft áhrif á jarðvatnsstöðu í nærliggjandi votlendi og deiglendi og þar með gróðurfar innan þess. Þá er það alls ekki útilokað að trjáræktartegundir geti dreift sér með fræi í deiglendi og votlendi og því ætti að fylgjast með óæskilegri sjálfsáningu í því landi.

*„Ætla má að gróður og vatnsföll í nágrenninu og innan svæðisins verði fyrir jákvæðum áhrifum. Gróska eykst og hefur áhrif á jarðvegsmyndun, og kemur í veg fyrir hugsanlegt jarðvegstap. Þegar tímar líða, eftir að skógurinn er kominn af æskuskeiði og trén orðið mótandi þáttur í vistkerfinu, má búast við að aðrar vistgerðir komi í stað þeirra sem fyrir voru, og er verndargildi þeirra eftir atvikum, t.d. kjarrskóga-, lyngskóga- og blómskógavist (sem allar eru birkiskógavistgerðir), og hafa hátt verndargildi.“*

Votlendi gegnir mikilvægu hlutverki við að miðla vatni og næringarefnum til nærliggjandi vatnsfalla og óvissa er um hvort skógrækt á svæðinu hafi í raun jákvæð áhrif á þennan þátt. Þá er hæpið að hægt sé að færa til jafns verndargildi plantaðra birkiteiga, sem eru aðeins lítill hluti fyrirhugaðrar skógræktar, við vistgerðir náttúrulegra birkiskóga.

Hér er um að ræða land innan svæðis á C-hluta náttúruminjaskrár þar sem vænta má hás þéttleika vaðfugla, hvort sem er í votlendi eða nærliggjandi þurrlendi. Það er því mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að fyrirhuguð skógrækt skuli fara í mat á umhverfisáhrifum. Það mat ætti að ná til fugla og landslags auk þess sem mögulega þarf að kortleggja betur vistgerðir svæðisins.



Heimildir:

Pawel Wasowicz, Guðrún Óskarsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir (mar. 2022). Stafafura (*Pinus contorta*) í Steinadal - mat á ágengni. Icelandic Institute of Natural History, bls. 1–35.

Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., Alves, J. A., Pálsson, S., Méndez, V., Ewing, H. & Gunnarsson, T. G. 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 59(10), 2456–2467. <https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>

Pörtner, H.O., R.J. Scholes, J. Agard et al. 2021. Scientific outcome of the IPBES-IPCC co-sponsored workshop on biodiversity and climate change. Útg. 5. doi: 10.5281/zenodo.5101125. url: <https://doi.org/10.5281/zenodo.5101125>

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. *Náttúrufræðingurinn* 90 (2–3) bls. 145–162.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir  
Líffræðingur, svið náttúruverndar





Mál nr. 0150/2024 í Skipulagsgátt

**Vegna:** Máls nr. 0150/2024, Skógrækt í landi Litlu-Borgar (Tilkynning um framkvæmd)

**Athugasemd:**

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra gerir ekki athugasemd vegna fyrirhugaðrar skógræktar að Litlu Borg í Húnaþingi vestra.

Sigurjón Þórðarson  
heilbrigðisfulltrúi

**Höfundur:** Sigurjón Þórðarson/sigurjon@hnv.is

**Sent inn þann:** 06.03.2024 , **Fyrir hönd:** Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra

## Re: Skógrækt í landi Litlu-Borgar - ósk um viðbrögð við svörum framkvæmdaraðila

Til : Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS <Johanna.H.Einarsdottir@skipulag.is>  
Frá : Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurðsson@ni.is>  
Heiti : Re: Skógrækt í landi Litlu-Borgar - ósk um viðbrögð við svörum framkvæmdaraðila  
Málsnúmer : 202312107  
Málsaðili : Litla Borg ehf.  
Skráð dags : 03.06.2024 15:36:49  
Höfundur : Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurðsson@ni.is>  
Viðhengi [image001.png](#)  
[Mófuglatalningar\\_Vesturhóp\\_Viðidalur.xlsx](#)

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202402-0038.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst þann 22. maí 2024. Þar er óskað eftir viðbrögðum Náttúrufræðistofnunar við svörum framkvæmdaraðila við athugasemdum Náttúrufræðistofnunar varðandi framkvæmd á skógrækt í landi Litlu-Borgar í Húnaþingi vestra. Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matsskyldu framkvæmdarinnar þann 12. mars 2024 og taldi að framkvæmdin ætti að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér svör framkvæmdaraðila, sem og svör hans við athugasemdum Umhverfisstofnunar og fleiri aðila. Um ítarleg og frekar vönduð svör er að ræða að mati Náttúrufræðistofnunar og margt áhugavert sem þar kemur fram. Náttúrufræðistofnun telur ekki ástæðu til að bregðast sérstaklega við öllum svörum framkvæmdaraðila en eftirfarandi eru viðbrögð við þeim atriðum sem skipta mestu máli að mati stofnunarinnar.

### **Fuglalíf:**

*Í umsögn sinni benti Náttúrufræðistofnun á að svæðið sem stendur til að stunda skógrækt á einkennist af mósaík votlendis og þurrlendis en slíkt land geti staðið undir miklu fuglalífi, og að talningar frá sambærilegum svæðum í grennd við fyrirhugaða skógrækt hafi sýnt háan þéttleika vaðfugla. Framkvæmdaraðili telur að æskilegt væri að tiltaka nánar hvaða svæði þetta eru svo hægt sé að leggja á það mat.*

Um er að ræða tvö svæði, í Kolþernumýri og í Melrakkadal. Talið var á samtals 32 punktum og tvö ár í röð (2012 og 2013). Sjá hrátalningagögn í viðhengi. Að mati Náttúrufræðistofnunar væri æskilegast að framkvæma mófuglatalningar á skógræktarsvæðinu til að hafa sem bestu upplýsingar um hvort þéttleiki sé sérstaklega hár á svæðinu í samanburði við sambærileg svæði eða ekki. Slíkar talningar ættu alltaf að fara fram þegar um svo stór svæði er að ræða og þegar gróðurfar svæðanna er þess eðlis að líklegt sé að mófuglavarp sé til staðar.

*Sem svar við ábendingu NÍ um að þær vaðfuglategundir sem gætu orðið fyrir neikvæðum áhrifum væru flestar ábyrgðartegundir hér á landi svaraði framkvæmdaraðili á þá leið að fimm slíkar ábyrgðartegundir væru líklegar til að finnast á skógræktarsvæðinu, lóupræll, spói, heiðlóa, jaðrakan og stelkur og tók framkvæmdaraðili undir þau sjónarmið NÍ að líklegt væri að þessar tegundir myndu hörfa af svæðinuvið skógræktina. Hins vegar taldi hann að stofnar þessara tegunda standi tiltölulega sterkt hér á landi.*

Náttúrufræðistofnun vill benda á að þótt samfelld vöktun á vaðfuglum sé tiltölulega skammt á veg komin á landsvísi þá benda lengstu seríurnar til þess að fækkun sé að eiga sér stað hjá sumum tegundum. Vissulega hefur þessi einstaka framkvæmd ekki úrslitaáhrif þar á en líta þarf til samlegðaráhrifa ólíkra framkvæmda í því sambandi þar sem víða verið gengið mikið á búsvæði vaðfugla og því er mikilvægt að við skipulag sé leitast við að hlífa sem stærstum samfelldum búsvæðum vaðfugla við framkvæmdum. Athugasemdir hafa m.a. borist frá

Bernarsamningnum um að varast skal að skógrækt ógni mikilvægum búsvæðum. Aftur, það væri öruggast að framkvæma mat á þéttleika og tegundafjölbreytni vaðfugla og annarra mófugla á svæðinu til að hafa góðar upplýsingar um þetta tiltekna svæði.

*Framkvæmdaraðili mótmælir ekki athugasemdum NÍ um jaðaráhrif skógræktar á tilteknar vaðfuglategundir en að það sé ekki hægt að fullyrða frekar um það nema fyrir þá fugla sem séu á svæðinu.*

Náttúrufræðistofnun telur ekki þörf á að bregðast við þessu nema taka undir með framkvæmdaraðila um að þetta eigi að sjálfsögðu við um þær tegundir sem á svæðinu finnast og þess vegna sé full ástæða fyrir því að kortleggja það betur.

*Framkvæmdaraðili telur ekki mikið um rjúpu á svæðinu og lítil ástæða til að hafa áhyggjur af áhrifum skógræktarinnar á rjúpu.*

NÍ hefur ekki frekari upplýsingar um þéttleika rjúpu á svæðinu.

Almennt tekur framkvæmdaraðili undir með Náttúrufræðistofnun að skógræktin sé líkleg til að hafa töluverð áhrif á fuglalíf. Ekki er því ástæða til að dvelja frekar við svör hans um það atriði en ítreka má mikilvægi þess að hafa betri upplýsingar um fuglalíf skógræktarsvæðisins til að geta sagt með vissu hver staðbundnu áhrifin verða og hvað það segir um hversu heppilegt þetta svæði er fyrir skógrækt með tilliti til þeirra fuglategunda sem líklegast er að verði fyrir neikvæðum áhrifum.

### **Gróðurfar:**

Ljóst er að mismunandi skilningur er á hugtakinu deiglendi og er ágætlega farið yfir þetta í svörum framkvæmdaraðila. Þar sem úttekt skógfræðings á gróðurfari svæðisins notaði aðra aðferðafræði við greiningu þess en vistgerðaflokkun NÍ sem vistgerðakortið er byggt á, og ljóst að vistgerðakortið þyrfti að bæta á svæðinu, þá er erfitt að gera samanburð á þessu án þess að fara í frekari vettvangsvinnu með það að markmiði að meta áhrif skógræktar á einstakar vistgerðir.

Þar sem ákvörðun hefur verið tekin um að gróðursetja ekki í neitt deiglendi eða votlendi var ekki metin þörf á að kortleggja þau svæði frekar og að mati Náttúrufræðistofnunar getur það legið milli hluta. Hins vegar má benda á að sumar gras- og mólendisvistgerðir geta haft hátt verndargildi einnig. Betri kortlagning/samsvörun við vistgerðarkortið myndi því aðstoða við að taka tillit til þess við skipulag skógræktarinnar.

*Framkvæmdaraðili telur enga hættu á að gróðursetning í votlendi muni raska vatnsbúskap.*

Þar sem ekki er stefnt að gróðursetningu í votlendi er óþarfi að dvelja frekar við það en huga þarf að jaðaráhrifum við skipulag skógræktarinnar.

### **Líffræðileg fjölbreytni:**

*Þó framkvæmdaraðili taki undir að skógrækt muni breyta vistkerfum þá mótmælir hann því að skógrækt muni fela í sér rýrnun á líffræðilegri fjölbreytni. Skógurinn muni ekki verða einsleitt samansafn trjáa heldur tegundaauðugt búsvæði sérstaklega þar sem stefnt er að því að skipuleggja skógrækt með alls 5 yfirtegundum trjáa.*

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að gerður sé greinarmunur á náttúrulegum vistkerfum og vistkerfum sem er breytt viljandi með ræktun tiltekinna tegunda. Vissulega geta ræktaðir skógar verið frjósöm og lífauðug vistkerfi og mikilvæg búsvæði fyrir alls konar lífverutegundir. Um það er ekki deilt og í þeim tilfellum er það sannarlega betra að vera með fjölbreytt samansafn ræktaðra trjáa til að forðast einsleitni. Þess vegna skiptir máli hvernig skógrækt er skipulögð og framkvæmd og Náttúrufræðistofnun er alla jafna fylgjandi fjölbreyttari tegundavali en ekki, nema ef tegundirnar séu líklegar til að verða ágengar og dreifa sér út fyrir skógræktarsvæðin. En huga þarf vandlega að því með tilliti til staðsetningar og umfangs skógræktar hvort og hvernig verndargildi lífríkisins sem fyrir er verður fyrir

áhrifum og forðast að raska þeirri náttúru sem metin er með hátt verndargildi.

Mörg önnur mannmótuð vistkerfi geta verið góð búsvæði sömuleiðis t.d. ræktuð tún, skrudgarðar, þéttbýlissvæði jafnvel. Það er hið besta mál en þegar náttúrulegum vistkerfum sem eru lítið mótuð af mannavöldum er fórnað fyrir mannmótuð vistkerfi þarf að taka tillit til þess sem er fórnað og verndargildi þess. Þar skiptir ekki einungis máli að leggja mat á tegundafjölbreytni því náttúruleg vistkerfi geta verið með fáar tegundir í samanburði við mannmótuð vistkerfi en samt metin með hátt verndargildi t.d. vegna sérstöðu eða mikilvægis fyrir tiltekna tegundir.

Náttúrufræðistofnun hefur metið verndargildi vistgerða á landi sem og skilgreint tegundir fugla sem teljast ábyrgðartegundir og því sérstaklega mikilvægt að huga að verndun þeirra. Einnig hafa verið skilgreindar tegundir plantna sem eru metnar í hættu. Því miður vantar betri upplýsingar fyrir marga lífveruhópa s.s. skordýr og sveppi varðandi verndargildi. Vega þarf og meta hvenær réttlætlanlegt sé (og hversu mikið) að náttúrulegum vistkerfum sé fórnað fyrir aðra landnotkun þ.m.t. skógrækt.

### **Samantekt:**

Að mati Náttúrufræðistofnunar myndi mat á umhverfisáhrifum gagnast við að framkvæma nákvæmari greiningu á svæðinu sem skilgreint hefur verið fyrir skógrækt, sérstaklega með tilliti til fuglalífs en erfitt er að meta gildi svæðisins fyrir fugla án staðbundinna gagna. Margt við eðli svæðisins gefur til kynna að mófuglalíf geti verið mjög auðugt og telur Náttúrufræðistofnun það vega þyngst við frekari ákvarðanatöku um framkvæmdina að bætt sér úr upplýsingum um fuglalíf svæðisins en betri upplýsingar munu gagnast varðandi framkvæmd og skipulag skógræktarinnar og haft áhrif á staðarval og umfang. Mögulega er hægt að bæta upplýsingar um fuglalíf án þess að fara í fullt mat á umhverfisáhrifum.

Mat á umhverfisáhrifum myndi einnig gefa tækifæri fyrir ítarlegri gróðurfarsgreiningu og betri samræmingu við vistgerðakort NÍ. Framkvæmdaraðili telur sig hafa nú þegar aðlagð sín áform að því að raska ekki gróðri með hátt verndargildi og er hægt að taka undir það að hluta til s.s. varðandi votlendið. Ekki er hægt að útiloka neikvæð áhrif á gras- og mólendisvistgerðir með hátt verndargildi og huga þarf að jaðaráhrifum kringum votlendissvæði. Náttúrufræðistofnun telur þó brynna að bætt sé úr upplýsingum um fuglalíf.

Þá má benda á að Umhverfisstofnun benti á landslagsáhrif skógræktarinnar en framkvæmdaraðili var ekki sammála því mati. Í mati á umhverfisáhrifum væri tækifæri fyrir ítarlegri greiningu á landslagsáhrifum t.d. með notkun ásýndarmynda. Slíkt má telja sérstaklega mikilvægt vegna staðsetningar svæðisins innan afmörkunar svæðis á C-hluta náttúruinjakrár og er það svæði skráð þar ekki síst vegna landslags. Framkvæmdaraðili virðist taka tillit til landslagsáhrifa í skipulagi skógræktarinnar nú þegar að einhverju leyti en sannarlega mætti bæta úr því enn frekar með ítarlegu mati á landslagsáhrifunum.

Við mat á hvort þörf sé á umhverfismati er mikilvægast að horfa til umfangs framkvæmdarinnar og hvort og hvernig best sé að því staðið að minnka óvissu um umhverfisáhrif hennar.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS